

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallslán. 125**

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Torfastöðum, síra Magnús Helgason, taki allt að 1000 kr. embættislán upp á prestakallið til túnbóta á prestssetrinu. Lántökuleyfi þetta er þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á 20 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem audið er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallslán. 126**

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 29. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn til Skarðsþinga, síra Guðlaugur Guðmundsson á Hvalgröfum, taki allt að 1000 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að bæta og gjöra viðauka við íbúðarhúsið á prestssetrinu á þann hátt, sem getur um í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu, gegn því að hið endurbætt og aukna hús verði eign prestakallsins. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyr en sannað er, að bóuð sje að leggja járnþak bæði á sjálf íbúðarhúsið og viðaukann við það. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á 20 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem audið er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-  
amtinu um eptirlit með fiskiskipum útlendum m. m. 127**

Í brjefi, dagsettu 27. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, beiðzt leiðbeiningar minnar að því er snertir skilning á 1. gr. í lögum nr. 2 frá 2. febrúar 1894 um aukatekjur o. fl., og á lögum nr. 28 frá 17. desbr. 1875 um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. 12. febr. 1872, og spurzt fyrir um eptirnefnd atriði:

1. Hvort rjett sje að löggilda menn til þess fyrir hönd sýslumanna að skoða skjöl útlendra fiskiskipa, rita á þau og gefa út heilbrigðisvottorð.

2. Hvort hreppsstjóri hafi nokkurn rjett til að fá helming af gjöldum skipsins, er slíkur löggiltur umbodsmáður skoðar skipsskjölin.

Takið þjer það jafnframt fram, að þótt áðurnefnd lög veiti hreppsstjórum heimild til að skoða skjöl fiskiskipa, og taka þá til sín háltt skipsgjaldið, er þeir skoða skjölin í tjarveru sýslumanns, þá virðist yður eigi hreppsstjórar hafa sjálfstæðan rjett til þessarar skoðunar, þannig að lögreglustjóri sje útilokaður

14. dag janúarm. 1902.

**127** frá því að fá löggilta aðra menn til þess að framkvæma skoðun á skjölum fiskiskipa, enda geti opt komið fyrir, að hlutaðeigandi hreppstjóri sje búsettur langt frá verzlunarstað, þar er fiskiskip komi, að hreppstjóri skilji ekki neina útlenda tungu o. s. frv., svo að fyrir margra hluta sakir geti verið heppilegra að sýslumaður fái sjerstakan umboðsmann til að skoða skjöl fiskiskipa, er koma kunna til einhvers verzlunarstaðar. Enn takið þjer það fram, að það virðist vera óviðkunnanlegt, er sýslumaður hefir mann á skrifsofu sinni, sem er löggiltur fulltrúi hans, að þessi maður megi ekki skoða skipaskjölin, þegar sýslumaður er fjærverandi t. a. m. á þingferðum og öðrum embættisferðum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar það, sem hjer segir.

Að minni skoðun er það engum efa undirorpið, að sýslumaður hefir rjett til að láta reglulegan löggiltan fulltrúa sinn, sem er í þjónustu hans, skoða og rita á skipaskjöl fiskiskipa, eigi einungis þegar sýslumaður er fjærverandi, heldur og þótt hann sje nærstaddur, en þar af leiðir ekki, að hann geti fengið löggilta umboðsmenn hingað og þangað um sýsluna til að rita á slík skjöl fyrir sig, og hafa eptirlit með fiskiskipum. A hinn bóginn get jeg verið yður samdóma um, að heppilegt væri að sýslumaður fengi einhvern borgara í sumum verzlunarstöðum til að hafa hið umgetna starf á hendi, heldur en að hreppstjóri, sem í fjarlægð býr, þurfi endilega að gegna því, og sjerstaklega virðist það eiga miður vel við, að annar maður á sama staðnum riti á skjöl verzlunar- og flutningaskipa, og annar á skjöl fiskiskipa.

Umræðurnar á alþingi 1875 um áðurnefnd lög frá s. á. virðast benda á það, að hreppstjórar sje í þessu efni aðeins að skoða sem umboðsmenn sýslumanna, og á hið sama virðist það benda, að sýslumönnum ber ávalt að minnsta kosti helmingur af afgreiðslugjaldi fiskiskipa, og loks er það í sjálfum lögunum með berum orðum sagt, að hreppstjóri skodi skjölin fyrir hönd sýslumanns. Þrátt fyrir þetta virðist mjer ákvæði laganna svo greinilega taka það fram, að það er aðeins hlutverk lögreglustjóra sjálfs (eða, ef svo stendur á, reglulegs löggilts fulltrúa hans) eða hlutaðeigandi hreppstjóra að skoða skjöl fiskiskipa og hafa eptirlit með þeim (sbr. orðin: »skal skipstjóri tilkynna það lögreglustjóra eða hreppstjóra« og »skal lögreglustjóri eða hreppstjóri fyrir hans hönd«). Með öðrum orðum, lögin sjálf virðast skipa hreppstjóra í þessu efni umboðsmann sýslumanns, og eigi leyfa það, að neinn annar verði skipaður til þess.

Því ber að minni skoðun að svara hinni fyrri fyrirspurn yðar neitandi, en þá tellur hin síðari burtu.

**128** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**  
**2. desbr. amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 26. f. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu, vil jeg hjermeð